Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 5. mars 2025

**Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um færslu eldsneytisgeyma á Reykjavíkurflugvelli.**

Lagt er til að erindi Isavia frá árinu 2023 vegna færslu á eldsneytisgeymum á Reykjavíkurflugvelli, verði lagt fyrir umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur við fyrsta tækifæri.

Greinargerð:

Nú er hluti eldsneytisgeyma á flugvellinum staðsettur á afar óheppilegum stað með tilliti til flugöryggis og mengunarmála. Um langan tíma hefur verið gert ráð fyrir að geymarnir verði fluttir til innanflugvallarsvæðisins og settir á athafnasvæði Skeljungs, sem er minniháttar breyting á gildandi deiliskipulagi og til þess fallin að auka öryggi og draga úr akstri yfir flugbrautir. Um mikilvægt öryggismál er að ræða.